

Sp.

413. Tillaga til þingsályktunar

[158. mál]

um undirbúning sjónvarps.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja í samráði við ríkisútvarpið allt að 100000 kr. til þess að rannsaka skilyrði til sjónvarps hér á landi og til undirbúnings framkvæmdum, ef rannsóknin leiðir í ljós, að þær séu tímabærar og viðráðanlegar.

Greinargerð.

Sjónvarp er nú orðið almenningsseign í mörgum löndum, og breiðist notkun þess mjög út. Í fyrstu voru sjónvarpssendingar afar dýrar og ýmsum tæknivandkvæðum bundnar. En undanfarið hafa framfarir í sjónvarpstækni verið geysiðrar, og sjálft sjónvarpið og móttaka þess hefur orðið miklu einfaldari og viðráðanlegri en áður. Fyrir rúmu ári höfðu 13 þjóðir þegar hafið reglulegar sjónvarpssendingar, 11 höfðu hafið tilraunir með sjónvarp og 30 voru að undirbúa starfsemi eða tilraunir á þessu sviði. Á síðasta ári hafa án efa ýmsar þjóðir bætt við, svo að tölur þessar eru nú vafalaust allar hærri.

Fram til þessa hefur verið talið, að sjónvarp sé svo dýrt, að Íslendingum yrði um megn að efna til þess. Nú er hins vegar full ástæða til þess að ætla, að kostnaður við sjónvarp sé að lækka svo mikið og svo ört, að tímabært sé fyrir Íslendinga að hefja athugun á því, hver skilyrði væru hér til slíkrar starfsemi. Fyrsta sporið ætti auðvitað að vera að afla sérþekkingar í nýjustu sjónvarpstækni og athuga skilyrði hér, bæði frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Er því í tillögu þessari lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að verja allt að 100000 kr. í þessu skyni. Eðlilegt er, að ríkisútvarpinu verði falin þessi athugun, og er því í tillögunni gert ráð fyrir því, að fénu sé varið í samráði við við það.